

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Orri Vignir Hlökkversson
Pálmi Haraldsson
Sveinn Gíslason
Tinna Hrund Hlynsdóttir
Unnar Stefán Sigurðsson
Þorkell Máni Pétursson

Á Teams:

Ingi Sigurðsson varaformaður
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Forföll:

Helga Helgadóttir varaformaður

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Ómar Smáráson samskiptastjóri sem ritaði fundargerð
Fannar Helgi Rúnarsson, leyfisstjóri
Þóroddur Hjaltalín, dómaramál
Haukur Hinriksson, yfirlögfræðingur

Mættir gestir:

Bjarni Þór Hannesson, mannvirkjanefnd

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð stjórnarmenn og gesti velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

- Fundargerð síðasta stjórnarfundar var þegar samþykkt rafrænt.
 - Fundur 2315
- Fundargerðir nefnda lagðar fram og fréttir af vettvangi ÍTF
 - 7. fundargerð dómarnefndar
 - 6. fundargerð mótanefndar

Orri Vignir Hlökkversson formaður ÍTF sagði frá stjórnarfundi samtakanna, sem fram fór síðasta föstudag, þar sem meðal annars var kynnt 9 mánaða uppgjör ÍTF. Á fundinum var umræða um mótamál og fyrirkomulag móta 2025 og fram kom að ÍTF sé í virku samtali og samstarfi við KSÍ um þau mál. Orri kom einnig inn á fyrirhugaða ráðstefnu KSÍ og ÍTF með FIFA í nóvember þar sem fundarefnið er "Aukin samkeppnishæfni íslenskrar knattspyrnu með stefnumótun og faglegri stjórnun" þar sem vonast er eftir góðri þátttöku frá félögum í efstu deildum karla og kvenna.

- Mannvirkjamál
 - Kynning á umsóknum í mannvirkjasjóð (FHR og BPH)

Fannar Helgi Rúnarsson og Bjarni Þór Hannesson tóku sæti á fundinum, fóru yfir verklag við mat á umsóknum í mannvirkjasjóð (skorkort) og kynntu umsóknir í sjóðinn. Alls bárust 27 umsóknir frá 14 félögum. Stjórnarmenn ræddu og skiptust á skoðunum um hlutverk og framtíð mannvirkjasjóðs. *Stjórn KSÍ samþykkti að úthluta styrkjum til 13 verkefna að heildarupphæð kr. 30.000.000.*

- Dómaramál
 - VAR kynning (BH)

Þóroddur Hjaltalín starfsmaður dómaramála hjá KSÍ fór almennt yfir stöðu mála gagnvart VAR innan aðildarlanda UEFA, kynnti mögulegar útfærslur á VAR fyrir Ísland og fór yfir tæknileg skilyrði fyrir innleiðingu VAR, mönnun leikja og mögulegan kostnað. KSÍ hefur verið í góðum tengslum við bæði UEFA og FIFA vegna VAR mála, íslenskir dómara hafa sótt VAR þjálfun, og jafnframt hefur KSÍ nú þegar fundað, án skuldbindinga, með tveimur erlendum fyrirtækjum sem geta boðið VAR lausnir fyrir Ísland. Árið 2020 höfðu 24 UEFA þjóðir innleitt VAR, og árið 2025 mun 41 UEFA þjóð annað hvort þegar hafa innleitt VAR eða hafið innleiðingarferlið. Þá verða aðeins 4 UEFA þjóðir eftir og er Ísland þar á meðal. *Stjórn KSÍ samþykkti að fela dómarnefnd til að rýna kostnað og hagnýt atriði við mögulega innleiðingu VAR, og koma með tillögur til stjórnar að næstu skrefum. Jafnframt var ákveðið að VAR verði til umfjöllunar á málþingi daginn fyrir ársþing KSÍ 2025.*

- FIFA listinn (HB)

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson formaður dómara nefndar kynnti tillögur dómara nefndar að skipan íslenskra dómara á FIFA listanum fyrir árið 2025. Lagt er til að ein breyting verði gerð á listanum milli ára.

Stjórn KSÍ samþykkti tillögu dómara nefndar.

5. Lög og reglugerðir

- Félagaskiptagluggar 2025 (HH)

Haukur Hinriksson yfirlögfræðingur KSÍ kynnti tillögur að félagaskiptagluggum 2025 og svaraði spurningum stjórnarmanna um uppleggið.

Stjórn KSÍ samþykkti tillögurnar.

6. Málefni Laugardalsvallar (ÞÖ)

- Farið yfir stöðu mála

Þorvaldur Örylgsson formaður KSÍ fór almennt yfir stöðu þeirra framkvæmda sem hafnar eru við endurbætur Laugardalsvallar. Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri KSÍ fór yfir samninga sem gerðir hafa verið vegna verkefnisins, stöðu kostnaðaráætlunar, ýmsa skipulagsþætti, aðdraganda þess að framkvæmdir hófust og horfur næstu mánaða. KSÍ ehf mun vera framkvæmdaraðili verksins.

Vegna stjórnarslita hjá Ríkisstjórninni munu 200 milljónir af þeim 250 milljónum sem áttu að koma strax við undirritun samnings vegna framkvæmdanna ekki koma til greiðslu fyrr en í janúar 2025.

Stjórn KSÍ samþykkti á fundinum að lána KSÍ ehf allt að 200 milljónir til að brúa bilið þangað til greiðslur frá Ríkinu berast í janúar 2025.

Þá hefur KSÍ skipað Inga Sigurðsson varaformann KSÍ sem fulltrúa KSÍ í stjórn Þjóðarleikvangs ehf. og tekur hann þar sæti. Þorvaldur Örylgsson formaður KSÍ verður varamaður í stjórn Þjóðarleikvangs. Stjórn Þjóðarleikvangs ehf. mun skipa sérstakan verkefnahóp um endurbætur Laugardalsvallar þar sem KSÍ mun auðvitað eiga fulltrúa.

Tekið til umfjöllunar erindi Jóns Rúnars Halldórssonar varamanns í stjórn KSÍ til stjórnar KSÍ um framkvæmdir við Laugardalsvöll. *Stjórn KSÍ ákvað að fela framkvæmdastjóra og lögfræðingi KSÍ að vinna drög að svari.*

7. Mótamál

- Staða mála í mótlok

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri KSÍ fór yfir tillögur mótanefndar KSÍ að þátttökugjöldum í knattspyrnumótin 2025.

Stjórn KSÍ samþykkti tillögurnar.

Ingi Sigurðsson fór lauslega yfir þá vinnu sem þegar er hafin varðandi niðurröðun móta meistaraflokka 2025. Þá fór Ingi yfir mótamál tengd lokakafla Bestu deildar karla, þar á meðal fór hann ítarlega yfir aðdraganda ákvörðunar mótanefndar um dagsetningu á leik Víkings og Breiðabliks í lokaumferð deildarinnar.

Ákveðið að fresta umræðu um málið til næsta stjórnarfundar.

8. Önnur mál

Bækur Víðis Sigurðssonar um íslenska knattspyrnu hafa komið út árlega um áratugaskeið og hefur útgáfan verið í samstarfi við KSÍ um árabíl. Víðir hefur í sínum fórum mikið magn gagna um íslenska knattspyrnu - mót, lið og leikmenn – sem ná til áranna löngu áður en fyrstu bækurnar voru gefnar út. Óneitanlega er um að ræða mikilvæg gögn um íslenska knattspyrnusögu og hefur Víðir leitað til KSÍ um aðstoð við að koma þessum gögnum í skjól.

Ákveðið hefur verið að semja um framlengingu á samstarfssamningi KSÍ við íþróttavöruframleiðandann PUMA til ársins 2030.

Sérsamböndum innan ÍSÍ stóð til boða að senda inn umsagnir við fjárlög 2025 og hefur KSÍ sent inn sína umsögn.

Fundi slitið kl. 19:05

Fundarritari: Ómar Smárason

Næsti stjórnarfundur er fyrirhugaður 27. nóvember.